



FRAMHALDSSKÓLINN Í
VESTMANNAEYJUM

Haustönn
10. des.

SAG 203
Próftími: 90 mín.

Nafn :

Kennit: _____

Kennari:

Hjálpargögn: Skrifæri

Til athugunar: Prófið er á 14 tölusettum síðum með forsíðu.
Sannreyndu að svo sé.

Mundu að merkja prófið

Gangi þér vell!

Hluti I. (20%)

Merktu X við rétt svar: (Aðeins eitt svar er rétt við hvern lið)

1.

Á 17. og 18. öld var stjórnarformið í Evrópu:

- Lýðræði
- Lýðveldi
- Þingbundin konungsstjórn
- Einveldi
- Keisarastjórn

2.

Sá sem hélt því fram að eignum samfélagsins yrði alltaf misskipt var:

- Napoleon Bonaparte.
- Marat.
- Edmund Burke.
- George Washington
- Simon Bolivar

3.

Á Vínarfundinum 1814:

- Efldist Bretland mjög sem stórveldi
- Efldust Frakkar mjög sem stórveldi
- Veiktust Rússar
- Var tekið upp lýðræðislegt stjórnarfyrirkomulag í Evrópu
- Var þjóðerni látið ráða um landamæri ríkja

4.

Alþingi Íslendinga var endurreist árið: 1789 1830 1845 1851 1874

5.

Pegar Alþingi var endurreist varð það: Löggjafarþing Stjórnlagarþing Dómsþing Framkvæmdarþing Ráðgjafarþing

6.

Florence Nightingale hjúkraði hermönnum í: Krímstríðinu Fyrri heimsstyrjöldinni Borgarastyrjöldinni á Spáni Vetrarstríðinu Seinni heimsstyrjöldinni

7.

Með heimastjórninni 1904 fengu Íslendingar : Innlent löggjafarvald Innlent framkvæmdavald Innlent dómvald Innlent ráðgjafarvald Innlent stjórnarskrárvald

8.

„Stéttabaráttan er hreyfiafl sögunnar.“ Þetta sagði:

- _____ Edmund Burke
- _____ Adam Smith
- _____ Karl Marx
- _____ Napoleon Bonaparte
- _____ Byron lávarður

9.

Gránufélagið var:

- _____ Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn
- _____ Togaraútgerðarfélag
- _____ Fyrsta iðnrekstrarfélagið á Íslandi
- _____ Félag um stofnun banka á Íslandi
- _____ Verslunarfélag

10.

Hugtakið „Dýrasta djásnið“ var notað um:

- _____ Egyptaland
- _____ Kína
- _____ Indland
- _____ Ástralíu
- _____ Nýja- Sjáland

11.

Um aldamótin 1900 voru þeir sem vildu efla fiskveiðar og studdu þéttbýlismyndun kallaðir:

- _____ Nýbýlasinnar
- _____ Varðveislusinnar
- _____ Iðjusinnar
- _____ Framfarasinnar
- _____ Afturhaldssinnar

12.

Þessi íslenski stjórnmálaflokkur var málsvari bænda.

- _____ Sjálfstæðisflokkurinn.
- _____ Framsóknarflokkurinn.
- _____ Alþýðuflokkurinn.
- _____ Alþýðubandalagið.
- _____ Kommúnistaflokkurinn.

13.

Í fyrri heimsstyrjöldinni voru Þýskaland, Austurríki-Ungverjaland, Tyrkland, Búlgaría nefnd:

- _____ Bandamenn
- _____ Vandamenn
- _____ Miðveldin
- _____ Vesturveldin
- _____ Austurveldin

14.

Rauðliðar og hvítliðar tókust á í borgarastyrjöldinni í:

- _____ Rússlandi
- _____ Þýskalandi
- _____ Frakklandi
- _____ Bretlandi
- _____ Spáni

15.

Nürnberglögin sem sett voru í Þýskalandi 1935:

- _____ Voru sett til að hafna Versalasingunum
- _____ Tryggðu Þjóðverjum yfirráð yfir Austurríki
- _____ Skylduðu kommúnista til þrælavinnu
- _____ Gerðu Þjóðverjum mögulegt að hernema Noreg
- _____ Takmörkuðu borgaraleg réttindi gyðinga

16.

Kjörorðið „Íslandi allt“ var eignað:

- _____ Ungmennafélagshreyfingunni
- _____ Varðveislusinum
- _____ Samvinnuhreyfingunni
- _____ Verkalýðshreyfingunni
- _____ Sósíalistum

17.

Reykjavíkurfundur Gorbatsjovs og Reagans 1986 strandaði fyrst og fremst vegna deilna um:

- _____ Fækkun langdrægra eldflauga
- _____ Fækkun skammdrægra eldflauga
- _____ Eldflaugavarnir í geimnum
- _____ Mannréttindamál
- _____ Kúbu

18.

Flauelsbyltingin var í :

- _____ Póllandi
- _____ Austur- Pýskalandi
- _____ Vestur- Pýskalandi
- _____ Frakklandi
- _____ Tékkóslóvakíu

19.

Það kerfi sem byggist á almannatryggingum, félagslegri þjónustu og mennta- og menningarmálum er kallað:

_____ Fiskveiðistjórnunarkerfið

_____ Samfélagskerfið

_____ Valdakerfið

_____ Stjórnsmálakerfið

_____ Velferðarkerfið

20.

Ef verðgildi íslensku krónunnar lækkar miðað við erlenda mynt er talað um:

_____ Vísitölubindingu launa

_____ Gengisvísitölu

_____ Gengislækkun

_____ Gengishækkun

_____ Gengistryggingu

Hluti II. (30%)

Skilgreindu:

1.

Bændasamfélag

2.
Þjóðernishyggja

3.
Ráðgjafarþing

4. Preatið

5.
Þjóðernislandamæri

6.
Þingræði

7.
Vistarband

8.
Schleisner

9.
Sjálfspurftarbúskapur

10.
Togaravökulögin

11.
Svarti fimmtudagurinn

12.
Öryggisráðið

13.
Watergatehneykslið

14.
Ógnarjafnvægið

15.
Byggðastefna

Hluti III. (10 %)**Settu Rétt/ Rangt á viðeigandi staði.**

_____ Frelsisstríð Bandaríkjanna ýtti undir frönsku byltinguna.

_____ Skútuöldin í Vestmannaeyjum olli því að fólki fjölgaði þar.

_____ Fjölnismenn gáfu út Ármann á Alþingi

_____ Í kjölfar iðnbyltingarinnar skerptust mjög stéttaandstæður á Bretlandi

_____ Um 1900 þoldi landbúnaðarsamfélagið á Íslandi ekki fleiri íbúa.

_____ Aðeins mjög fáar stúlkur stunduðu nám í Lærða skólanum.

_____ Árið 1918 lýstu Íslendingar yfir ævarandi hlutleysi.

_____ Eftir að Kúbudeilunni lauk sagði Fidel Kastró af sér sem leiðtogi.

_____ Með tilkomu Gorbatsjovs jókst mjög miðstýring í Sovétríkjunum.

_____ Landgrunnslögin frá 1948 urðu grundvöllur útfærslu landhelginnar eftir það.

Hluti IV. (10%). Almennar spurningar.

1. Hver voru meginatriðin í Monroe kenningunni? Hvers vegna varð þessi kenning til?
2. Hvers vegna er réttlætanlegt að kalla iðnbyltinguna byltingu frekar en þróun?
3. Um hvað deildu „Endurskoðunarmenn“ og „Valtýingar“ einkum?
4. Hver voru helstu baráttumál íslenskra kvenna í upphafi 20. aldar?

5. Hvað er átt við þegar talað er um „Norður - Suður“ skiptinguna?

Hluti IV. (30 %). Ritgerð. Veldu 2 eftirfarandi efni:

1. Valdatími Napóleons
2. Íslenska iðnbyltingin
3. Valdatími Stalíns
4. Valdatími Hitlers

